

Nd.

630. Frumvarp til laga

[185. mál]

um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 628 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, á meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Lán þessi skiptist síðan milli væntanlegra íbúðarkaupenda.

Það er skilyrði fyrir slíkum lánnum, að íbúðirnar verði eigi seldar, nema húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra fullgerðra. Við verðlagningu íbúðanna skal höfð hliðsjón af byggingarvísitölu.